


Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Hornafirði, 26. apríl 2021  
nr. erindis 202104061 MÁ

**Málefni: Umsögn - staðsetning vindorkuvera 707. mál.**

Í þingsályktunartillögum er uppbygging vindorkuvera óheimil á svæðum sem falla undir flokk 1.

Sveitarfélagið Hornafjörður er friðlýst að stórum hluta skv. lögum um Vatnajökulspjóðgarð ásamt því að strandsvæði sveitarfélagsins eru skilgreind sem svæði á B-hluta náttúruminjasrár sbr. myndina hér fyrir neðan og fellur þ.a.l. undir flokk 1 að stórum hluta.



Svæði sem falla undir flokk 2 eru landsvæði sem geta talist viðkvæm með tilliti til hagnýtingar vindorku. Þar eru m.a. svæði sem eru innan við 10 km fjarlægðar frá fillýstu svæði skv. A-hluta náttúruminjasrár eða svæði sem er á B-hluta náttúruminjasrár í flokki 1. Þessir kostir skulu skoðaðir og metnir í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og stefnu þessa.

Með þessari skilgreiningu er nánast allt landssvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar útilokað eða fellur undir mat eða skoðun. Staðsetning vindorkuvera hafa ekki verið til umræðu í sveitarstjórn en í sveitarfélaginu eru sterkir vindar, sér í lagi út við sjó, sem mætti skoða frekar.

Athugasemd sveitarfélagsins er því sú að útiloka ekki sjálfkrafa svæði sem eru í 10 km grennd við þjóðgarð eða önnur svæði sem njóta verndar heldur taka þau til efnislegrar skoðunar, ef sveitarfélagið sér þörf fyrir aukna orkuframleiðslu seinna meir. Orkuþörf kann að aukast þegar rafvæðing samgangna verður lengra á veg kominn og vindorkuver gæti verið umhverfisvæn lausn, enda slík framkvæmd afturkræf sem vatnsorkuver eru yfirleitt ekki.

*Virðingarfyllst*

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*